

EFTIRLITSNEFND MEÐ  
FJÁRMÁLUM SVEITARFÉLAGA

**EFS**

Hafnarfjarðarbær  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Imanríkisráðuneytið  
Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík  
Sími 545 9000, netfang: postur@irr.is

Reykjavík 18. mars 2015  
Tilv.: IRR15010143/18.11.3

Efni: Fjárhagsáætlun 2015-2018.

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) hefur yfirfarið fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2015-2018. Fjárhagsáætlunin sýnir að áætlað er að rekstrarniðurstaða A-hluta verði neikvæð árin 2015-2017 en rekstrarniðurstaða A- og B-hluta verði jákvæð öll árin. Sveitarfélagið vinnur eftir aðlögunaráætlun þar sem gert er ráð fyrir að skuldaviðmiði verði náð árið 2019. Ekki verður annað séð út frá fjárhagsáætlun 2015-2018 en að skuldaviðmiði verði náð eigi síðar en á árinu 2019 og jafnvægisregla verði uppfyllt. Skuldaviðmiði ársins 2013 var 192% og gerir útkomuspá ársins 2014 ráð fyrir að það verði 184%.

Vegna eftirlits með aðlögunaráætlun sveitarfélagsins óskar EFS eftir nánari upplýsingum frá sveitarstjórn um framgang aðlögunaráætlunar og samanburð við upphaflega aðlögunaráætlun sem staðfest var með bréfi EFS dags. 18. febrúar 2013.

Aðlögunaráætlun sveitarfélagsins gerði ráð fyrir jákvæðum rekstrarafgangi árin 2014-2017 en svo virðist sem útkomuspá 2014 og fjárhagsáætlun 2015-2017 beri með sér neikvæða rekstrarniðurstöðu A-hluta og að rekstrarniðurstaða A- og B-hluta verði lægri en aðlögunaráætlun gerði ráð fyrir. Meðfylgjandi er yfirlit um fjármál sveitarfélagsins fyrir árin 2012-2018.

Í aðlögunaráætlun sveitarfélagsins fyrir A- og B-hluta var gert ráð fyrir 370 milljónum árlega til fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum. Fjárhagsáætlun árunna 2015-2018 ber með sér nokkuð hærri áætlun um fjárfestingar sem er þannig ekki í samræmi við aðlögunaráætlun. Í 18. gr. reglugerðar 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga er kveðið á um það að sveitarstjórn þurfi að óska eftir heimild eftirlitsnefndar til endurskoðunar á aðlögunaráætlun.

Vegna framangreindra atriða óskar EFS eftir nánari upplýsingum frá sveitarstjórn. Annars vegar er óskað eftir upplýsingum um almenna þróun í fjármálum A-hluta og hins vegar um A- og B-hluta ásamt helstu ástæðum fyrir frávikum í rekstri í samanburði við aðlögunaráætlun sveitarfélagsins. Vegna rekstrar A-hluta sveitarfélagsins og áætlana um neikvæða rekstrarniðurstöðu hans, óskar EFS eftir upplýsingum frá sveitarstjórn um stefnumótun hennar í rekstri A-hluta, mikilvægi þess að bæta neikvæðan rekstur A-hluta þannig að hann skili jákvæðri rekstrarniðurstöðu, hugsanlegar aðgerðir sveitarstjórnar sem væru þess valdandi að ná markmiðum um jákvæða rekstrarniðurstöðu og aðrar upplýsingar sem sveitarstjórn vill koma á framfæri í tengslum við fyrirspurn þessa. Einnig er óskað eftir upplýsingum um áætlun um fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum og breyttum forsendum þeirra miðað við aðlögunaráætlun sveitarfélagsins.

Óskað er eftir að svör til nefndarinnar berist eigi síðar en 60 dögum eftir dagsetningu bréfsins. Komi upp spurningar vegna efni þess er sveitarstjórn hvött til að hafa samband við starfsmann nefndarinnar.

Fyrir hönd eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

  
Þórir Ólafsson  
formaður

  
Eiríkur Benónýsson

1400 - Hafnarfjarðarkaupstaður

mkr.	2018 áætl	2017 áætl	2016 áætl	2015 áætl	2014 útsp	2014 áætl	2013	2012	2018 áætl	2017 áætl	2016 áætl	2015 áætl	2014 útsp	2014 áætl	2013	2012
	A + B	A-hluti	A-hluti	A-hluti	A-hluti	A-hluti	A-hluti	A-hluti	A + B	A + B	A + B	A + B	A + B	A + B	A + B	A + B
Heildartekjur.....	20.789	19.894	19.040	18.238	17.197	16.594	17.018	15.323	22.738	21.790	20.881	20.020	18.776	18.174	18.691	16.871
Framlegð.....	1.760	1.711	1.669	1.680	1.236	1.999	2.024	1.753	3.106	3.029	2.958	2.915	3.064	3.064	3.035	2.708
Fjármagnisliðir.....	-1.735	-1.225	-1.363	-1.381	-674	-1.120	-499	-2.282	-1.523	-1.621	-1.760	-1.840	-967	-1.595	-769	-3.055
Rekstramiðstöða.....	13	-127	-297	-333	-51	266	914	-2.731	726	551	341	219	464	613	1.411	-2.798
Veltuvé frá (til) rekstrar.....	1.760	1.630	1.517	1.274	1.247	1.657	1.728	1.379	2.871	2.712	2.569	2.231	2.041	2.459	2.432	2.019
Fjárfestingar.....	-850	-797	-808	-1.649	-627	-769	-963	-745	-913	-904	-879	-1.749	-715	-857	-981	-779
Afborganir langímalána og skuldbindinga.....	-1.633	-1.433	-1.433	-5.603	-6.114	-1.670	-1.514	-1.283	-2.208	-2.018	-2.070	-7.863	-7.504	-2.179	-2.010	-1.763
Heildarskuldur og skuldbindingar.....	34.370	34.419	34.280	33.771	32.479	33.689	33.292	33.956	37.604	38.544	39.229	39.527	38.970	40.747	40.438	41.836
Nettó skuldir (frádragnar peningalegar eignir).....	31.924	31.900	31.789	31.497	30.445	31.107	30.571	31.200	34.966	35.836	36.540	37.059	36.721	37.951	37.575	38.994
EBITDA (framlegðarhlutfall).....	8,5%	8,6%	8,8%	9,1%	7,2%	12,0%	11,9%	11,4%	13,7%	13,9%	14,2%	14,6%	12,2%	16,9%	16,2%	16,0%
Laun í hlutfalli af heildartekjum.....	52,5%	52,3%	52,0%	51,9%	51,8%	50,2%	47,6%	49,4%	49,1%	48,8%	48,6%	48,4%	48,6%	47,0%	44,6%	46,0%
Annar rekstrarkostnaður í hlutfalli af heildartekjum.....	35,8%	35,9%	35,9%	35,8%	36,3%	35,3%	37,2%	34,7%	34,1%	34,2%	34,2%	34,0%	34,8%	33,8%	36,1%	33,8%
Rekstramiðstöða í hlutfalli af heildartekjum.....	0,1%	-0,6%	-1,6%	-1,8%	-0,3%	1,6%	5,4%	-17,8%	3,2%	2,5%	1,6%	1,1%	2,5%	3,4%	7,5%	-16,6%
Veltuvé frá (til) rekstrar í hlutfalli af heildartekjum.....	8,5%	8,2%	8,0%	7,0%	7,3%	10,0%	10,2%	9,0%	12,6%	12,4%	12,3%	11,1%	10,9%	13,5%	13,0%	12,0%
Fjárfestingar í hlutfalli af varamlegum rekstrarfárum.....	2,5%	2,3%	2,4%	4,8%	1,9%	2,3%	2,9%	2,3%	2,1%	2,0%	2,0%	3,9%	1,6%	1,9%	2,2%	1,8%
Skuldahlutfall.....	165%	173%	180%	185%	189%	203%	196%	222%	165%	177%	188%	197%	208%	224%	216%	248%
Skuldahlutfall nettó (að frádragnum peni. eignum).....	154%	160%	167%	173%	177%	187%	180%	204%	154%	164%	175%	185%	196%	209%	201%	231%
Skuldavæðing.....									146%	156%	166%	175%	184%	199%	192%	221%
Veltufáhlutfall.....	0,32	0,36	0,35	0,36	0,23	0,15	0,43	0,45	0,48	0,51	0,48	0,48	0,23	0,15	0,49	0,49
Veltufáhlutfall án eigin fyrirtækja.....	0,49	0,52	0,48	0,48	0,26	0,17	0,52	0,52	0,48	0,51	0,48	0,48	0,22	0,15	0,49	0,49
Veltufárek. / Afborgun langt skulda og skuldb. ....	1,08	1,14	1,06	0,23	0,20	0,99	1,14	1,08	1,30	1,34	1,24	0,28	0,27	1,13	1,21	1,15
Nettó skuldir / veltuvé frá rekstri á.....	18	20	21	25	24	19	18	23	12	13	14	17	18	15	15	19
Nettó skuldir / afb. langt skulda á.....	20	22	22	6	5	19	20	24	16	18	18	5	5	17	19	22

